

að endurgjalda áfrýjendunum málskostnað bæði fyrir undir og yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 80 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Þorgrímur Ásgrímsson, á að vera sýkn af kærum og kröfum hinna stefndu í frummálinu. Viðauka- eða framhaldsmálinu vísast frá hjeradsdómi. Hinir stefndu, Björn Pjetursson og Sigurður Pjetursson, eiga að greiða áfrýjendunum 80 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 16/1883.

Rjettvísín

gegn

Jóseph Ólafssyni.

### Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 10. dag marzmán. þ. á., var hinn ákærði, Jóseph Ólafsson, dæmdur til þess að sæta 2 ára betrunarhússvinnu fyrir þjófnað framinn í 3. sinn. Skyldi hann einnig greiða allan kostnað af málinu og iðgjöld hins stolna til Árna Sveinbjarnarsonar á Oddstöðum 9 kr. og til Tómasar Jónssonar á Skarði 3 kr.

Það er með eigin játningu hins kærða og öðrum sönnunargögnum í málinu löglega sannað, að hinn ákærði um haustið 1881, þegar hann var sendur af húsbónda sínum, sem þá var, Árna Sveinbjarnar-

syni á Oddstöðum, norður í Húnavatnssýslu til þess að vitja um kindur fyrir hann, hafi veitt mót-töku móbíldóttri gimbur veturgamalli, er Árni húsbóndi hans átti. Þessa kind seldi hinn ákærði fyrir 7 krónur, er hann fjenýtti sjer; en húsbónda sínum sagði hann svo söguna, að hann hefði komið kindinni fyrir til fóðurs. Í sömu ferðinni tók hinn ákærði við hvítu gimbrarlambi, sem var með marki Tómasar Jónssonar bónda á Skarði; seldi hann það fyrir 2 eða 3 krónur, og eyddi þeim. Enn fremur hefur hinn ákærði í fyrra vetur, þá er hann rak kindur út á Akranes, tekið og skorið veturgamla gimbur hvítkollótta, er hljóp saman við rekstur hans; hagnýtti hann sjer afurðir hennar með ýmsu móti; hver átt hafi þessa kind hefur ekki sannazt. Um haustið 1881 stal hinn ákærði úr opnum hjalli á Brautartungu 4 reiptöglum, að verðlagi 2 kr.; reiptögl þessi átti Jón Eggertsson, bóndi á nýnefndum bæ, og hefur hann fengið þau aptur. Þá er enn sannað, að hinn ákærði hefur frá þáverandi húsbónda sínum, Árna Sveinbjarnarsyni, stolið 13 hestskónöglum, er voru annaðhvort í ólæstri skúffu eða í gluggakistu í bænum á Oddstöðum; fyrir þessa nagla, sem virtir hafa verið 13 aura, hefur eigandinn ekki krafizt endurgjalds. Loks stal hinn ákærði í fyrra fyrir jólin úr opnum hjalli á Háteig á Akranesi 6 sauðskinnnum og 2 belgjum. Skinnin hafa verið virt 1 kr. hvert, en belgirnir hver 50 aura. 4 af skinnunum hefur eigandi fengið aptur; fyrir hin hefur endurgjalds ekki verið krafizt.

Þessi afbrot hins ákærða, sem kominn er langt

yfir lögaldur sakamanna, og tvívegis áður hefur verið hegnt fyrir þjófnað ber því að heimfæra undir 233. gr. sbr. 230., 255. og 250. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin eptir nefndum lagagreinum sbr. 63. og 58. gr. sömu laga hæfilega metin af undirdómaranum 2 ára betrunarhússvinna. Á hinn áfrýjaði dómur því að hegningunni til að vera óraskaður, og svo er og að því til málskostnaðar og iðgjalda kemur. — Hinum ákærða ber einnig að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vitalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hjéraðsdómnum í máli þessu skal óraskað. Hinn ákærði, Jóseph Ólafsson, á að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júnímán.

Nr. 4/1883

Jón Ólafsson

gegn

Nikulási Björnssyni.